

Fundargerð 140. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 22. janúar 2019, kl. 9.30 í Fjármálaráðuneytinu, Arnarhvoli.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri sat fundinn vegna liðar 5. Þá komu Svanbjörn Thoroddsen og Guðmundur Pálsson, KPMG, inn á fund undir lið 2.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Aerotropolis. Kostnaðarmat verkefnis.*

Stjórnarformaður bauð ráðgjafa KPMG velkomna á fund stjórnar. Svanbjörn fór yfir kostnaðarmat vegna Aerotropolis verkefnisins og forgangsöröðun aðgerða. Umræður.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

Svanbjörn og Guðmundur véku af fundi.

3. *Rekstur og uppgjör fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2018.*

Ásta Lárusdóttir, fjármálastjóri, fór yfir uppgjör fyrir fyrstu níu mánuði síðasta árs. Umræður.

Stjórn þakkaði yfirferðina.

4. *Málefni Keilis.*

Framkvæmdastjóri kynnti frágang vegna skuldamála Keilis við félagið, þ.m.t. efni veðskuldabréfs, nýja lóðarleigusamninga og kaupsamning vegna Grænásbrautar 910.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

5. *Önnur mál.*

a. *Fögnuður vegna árangurs ÞK.*

Stjórn var sammála um að fagna beri góðum árangri Þróunarfélagsins frá stofnun þess þegar allar fasteignir hafa verið seldar. Með hvaða hætti þarf að útfæra frekar.

Handwritten signature and initials in blue ink, including the letters 'K' and 'S'.

b. Endurskoðun laga um ÞK.

Steinunn vakti athygli á fyrirhugaðri endurskoðun laga nr. 176/2006 hjá Utanríkisráðuneytinu um breytingu á flugvallarsvæðinu og öryggissvæði þess og hvort það snerti starfssvæði Þróunarfélagsins. Óskað verður eftir frekari upplýsingum.

c. Aðalfundur.

Umræður um hentuga tímasetningu aðalfundar.

Ekki fleiri erindi voru til umfjöllunar undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þann 29. janúar nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15.

Isak E. Kristinnsson
Hafkin S. Ska
Steinnur S. Ska